

Bæjarstjórn - 413 - ákvæði vegna ofbeldis/áreitni

Til : thordissif@isafjordur.is
Frá : Hjördís Þráinsdóttir
Heiti : Bæjarstjórn - 413 - ákvæði vegna ofbeldis/áreitni
Málsnúmer : 2018020033
Málsaðili : Samband íslenskra sveitarfélaga
Skráð dags : 16.02.2018 12:22:00
Höfundur : Hjördís Þráinsdóttir

Er ekki langbest að senda þetta á Margréti Halldórs og láta hana vinna málið áfram? Hún er væntanlega í sambandi við hlutaðeigandi. Eða hvað?

2018020033 - Viljayfirlýsing um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum

Á 1005. fundi bæjarráðs, 12. febrúar sl., var formanni bæjarráðs falið að gera tillögu til bæjarstjórnar að ákvæði um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum.

Tillaga formanns bæjarráðs:

"Ísafjarðarbær áskilur sér rétt til þess að skilyrða fjárveitingar til íþróttafélaga og annarra félagasamtaka sem bjóða upp á frístundaiðkun fyrir börn og unglina, því að félögin setji sér siðareglur og viðbragðsáætlanir og fræði hjálpara/umsjónarfólk um ofbeldi, kynferðislega áreitni og kynferðisofbeldi. Félögin skulu tilgreina trúnaðarmann í viðbragðsáætlun. Einnig skulu þeir sem Ísafjarðarbær styrkir hafa jafnréttisáætlun og skýra aðgerðaráætlun sem unnið er eftir. Ísafjarðarbær hefur eftirlit með því að fyrrgreind atriði séu uppfyllt.

Sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs er falið að upplýsa samningsaðila um skyldur skv. framangreindu og kalla eftir upplýsingum um áætlanir og verklagsreglur."

Til máls tóku: Kristján Andri Guðjónsson, foresti, Arna Lára Jónsdóttir og Gunnhildur B. Elíasdóttir.

Forseti ber tillöguna upp til atkvæða.

Tillagan samþykkt 9-0.